



11. nóvember 2022

Tilv.: 2210107

Dreifibréf númer: 35/2022

til viðskiptabanka, sparisjóða og Samtaka fjármálafyrirtækja.

Efni: Drög að reglum um staðlað framsetningarform fyrir gjaldayfirlit og gjaldskrá og staðlaða hugtakanotkun yfir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum.

Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal nr. 17/2022 sem inniheldur drög að reglum til að innleiða tiltekna reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um tæknilega staðla sem settar eru með stoð í tilskipun 2014/92/ESB frá 23. júlí 2014, um samanburð gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum (PAD-tilskipunin). Frumvarp til nýrra laga um greiðslureikninga, sem kemur til með að innleiða PAD-tilskipunina liggur nú fyrir á Alþingi, sbr. [166. mál](#), með fyrirhugaðri gildistöku frá 1. janúar 2023. Fyrirhugað er að reglurnar verði settar með stoð í 5. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. þeirra laga og taki gildi frá sama tíma og lögin.

Reglurnar munu innleiða reglugerðir (ESB) 2018/32, 2018/33 og 2018/34 sem kveða nánar á um framsetningarform fyrir gjaldskrá og sameiginlegt tákn þess, staðlaða hugtakanotkun Evrópusambandsins yfir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum og staðlað framsetningarform fyrir gjaldayfirlit og sameiginlegt tákn þess, sbr. skyldur sem lagðar eru á greiðsluþjónustuveitendur skv. 3. og 4. gr. fyrirhugaðra laga um greiðslureikninga.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 9. desember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á tölvupóstfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir

Alma Jónsdóttir
lögfræðingur
markaðir og viðskiptahættir

SEÐLABANKI ÍSLANDS

